

**Eftirfarandi upplýsingum verði bætt við síðu um stjórn eða á sérstakri síðu undir „Um Almenna.“**

### **Dagleg stjórnun**

Stjórn lífeyrissjóðsins fer með yfirstjórn sjóðsins og fjallar um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún ræður framkvæmdastjóra og metur hvaða aðrir starfsmenn teljast vera lykilstarfsmenn.

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri lífeyrissjóðsins ásamt fjárfestingarstjóra og skrifstofustjóra. Stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins eru:

- Gunnar Baldvinsson framkvæmdastjóri.
- Kristjana Sigurðardóttir fjárfestingarstjóri.
- Sigríður Ómarsdóttir skrifstofustjóri.
- Daníel Arason, rekstrarstjóri
- Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri

Um störf framkvæmdastjóra er fjallað í greinum 5.2 og 29 í samþykktum sjóðsins. Greinarnar má lesa hér.

Um fjárfestingarstjóra og skrifstofustjóra er fjallað í verklagsreglum um hæfi lykilstarfsmanna. Verklagsreglurnar má lesa hér.

Upplýsingar um starfsfólk lífeyrissjóðsins má lesa hér.

## Um framkvæmdastjóra í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins

### Úr grein 5.2 um stjórn

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og fjallar um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnu-  
mótun sjóðsins og starfsemi. Hún ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör  
og setur honum starfsreglur.

### 29. grein. Daglegur rekstur

29.1 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og  
samþykka sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Fram-  
kvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

29.2 Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli  
sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki  
unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og varaformann  
stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta  
stjórnarfundum.

29.3 Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningskilum, skal  
framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.

29.4 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar  
venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og þeim útlánareglum sem stjórnin setur.  
Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur  
og efnahag sjóðsins. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar  
um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.